

Fimmtudaginn 29. október 1998.

Nr. 49/1998.

**Magnús Emilsson og
Vátryggingafélag Íslands hf.**

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Kristjáni Inga Gunnarssyni

(Jóhannes Albert Sævarsson hdl.)

Bifreiðir. Umferðarlög. Vátrygging. Vinnuslys.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar 21. janúar 1998. Þeir krefjast þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda og þeim dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður fyrir báðum dómstigum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Atvikum málsins er lýst í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, var verið að færa til stein í grjóthleðslu með krana vörubifreiðar áfrýjanda Magnúsar Emilssonar, sem stóð utan við bifreiðina og stjórnaði krananum. Steinninn hafði áður verið settur á jörðina, og taldi stefndi og aðrir þeir, sem unnu að verkinu með honum, að steinninn sæti ekki á réttum stað í hleðslunni. Slysð varð, þegar steininum var lyft frá jörðu og aftur strekktist á togvírur, sem ekki höfðu verið losaðir, en einn þeirra skropp til og lenti á fingrum vinstri handar stefnda. Þessi tilfærsla á steininum verður ekki felld undir sérreglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 90. gr. laganna. Afstöðu þarf þá ekki að taka til þess í málinu, hvort flutningur steinanna af palli vörubifreiðarinnar hafi verið þáttur í notkun hennar sem ökutækis í skilningi ákvæðisins.

Ekkert er fram komið um það, að staðsetning vörubifreiðarinnar eða skorðun hennar með stoðfótum hafi verið á þann veg, að það

hafi átt þátt í því, hvernig til tókst. Með framburði stefnda og vitna þykir nægjanlega leitt í ljós, að áfrýjandi Magnús Emilsson hafi hlýtt bendingum samstarfsmanna sinna um það, hvernig átti að hífa og slaka á vírum eða togböndum við flutning steinanna. Verður honum ekki gefin sök á slysinu.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Magnús Emilsson og Vátryggingafélag Íslands hf., eru sýknir af kröfum stefnda, Kristjáns Inga Gunnarssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. janúar 1998.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. desember sl., var þingfest 16. janúar 1997.

Stefnandi er Kristján Ingi Gunnarsson, kt. 250949-3409, Syðri-Reistará, Eyjafjarðarsveit.

Stefndu eru Magnús Emilsson, kt. 071242-4989, Selbrekku 7, Kópavogi, og Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði gert að greiða sér 10.713.665 krónur ásamt 1% ársvöxtum af 7.609.910 krónum frá 30. desember 1992 til 11. ágúst 1993, með 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember 1993, með 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1995 og með 0,65% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags og með dráttarvöxtum, þ. m. t. vaxtavöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 10.713.665 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að meðtöldum virðisaukaskatti samkvæmt meðfylgjandi málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefndu.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði stórlækkaðar. Jafnframt krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Málavextir.

10. ágúst 1991 var stefnandi ásamt öðrum að vinna við frágang á lóðamörkum við Stuðlaberg og Ljósaberg í Hafnarfirði. Var stefndi Magnús Emilsson fenginn til þess að flytja stórgrýti í grjóthleðslu með vörubifreið sinni, Y-181. Bifreiðin, sem er vörubifreið með krana, var skylduátryggð hjá stefnda.

Slysið varð með þeim hætti, að verið var að raða saman stórum steinum á lóðamörkum. Til þess var notuð vörubifreiðin Y-181. Grjótið lá á palli vörubifreiðarinnar, og voru bundnar utan um það stroffur, sem notaðar höfðu verið til að lesta bílinn. Steinarnir voru ekki sérstaklega tilhögggnir, heldur voru þeir óreglulegir í lögun. Til þess að losa grjótið af palli bifreiðarinnar var notaður áfastur bílkrani, sem var á milli stýrishúss og palls vörubifreiðarinnar. Þegar slysið varð, hafði verið komið fyrir tveimur steinum, og var verið að koma fyrir hinum þriðja. Verið var að leggja steinin að hinum tveimur, og hafði slasaði höndina á steininum til þess, að eigin sögn, að geta stýrt honum, þegar vírstroffan rann til á grjótinu yfir á vinstri hönd stefnanda. Við það fór framan af þremur fingrum vinstri handar, þ. e. baugfingri, löngutöng og vísifingri.

Stefnandi var eftir slysið fluttur á slysavarðstofuna í Reykjavík og þaðan á Landspítalann. Var gert þar að meiðslunum. Í læknisvottorði Ríkarðs Sigfússonar, sérfræðings í bæklunarskurðlækningum á Landspítalanum, dags. 20. febrúar 1992, segir m. a., að stefnandi hafi verið tekinn til aðgerðar samdægurs. Við aðgerðina sást, að stefnandi hafði misst framan af II., III. og IV. fingri vinstri handar. Við aðgerð voru sár þrífir og hreinsuð. Á III. fingri var bein stytt og fingurinn saumaður saman. Á vísifingri var sár skilið eftir opið til að viðhalda sem mest lengd. Á IV. fingri var stefnandi brotinn á ystu kjúku, og var fjarlægður einn beinbiti, sem festir beygjusin. Var eftir þetta hægt að draga saman sár. Þar sem hætta var á framtíðarvanda með naglrót á IV. fingri, var hún tekin í burtu. Þegar stefnandi kom í lokaskoðun til lækni 7. febrúar 1992, kvaðst hann vera sæmilega ánægður með höndina. Hann kvað helstu óþægindi þá vera kuldaóþol, sem þó hafði farið batnandi undanfarna mánuði. Hann kvartaði einnig um bólgu og þrota yfir í vinstri löngutöng og sér í lagi, að fingurinn bólгнаði upp við langan og erfiðan vinnudag seinni part dags og á kvöldin. Þá eigi hann erfitt með að hneppa hnöppum með vinstri hendi. Einnig finnst honum hann truflast við vinnu, þar sem vantar 4 cm á löngutöng. Þá kvartaði stefnandi einnig um, að fingurgómar væru ennþá viðkvæmir, sérstaklega á löngutöng. Í samantekt lækni segir síðan:

„42ja ára gamall maður, sem vinnur við garðyrkjustörf í Hafnarfirði;

klemmdist við vinnu sína þann 10. 8. 1991; hefur misst framan af þremur fingrum á vinstri hendi, á II. fingri 1 cm, á III. fingri 4 cm og IV. fingri 2,5 cm. Sjúklingurinn hefur haft kuldaóþol og óþægindi frá fingurendum. Ástand virðist þó fara batnandi og sjúklingur sæmilega ánægður með hreyfigetu handar. Við skoðun finnast ofanefndar styttingar og einnig minnkuð hreyfigeta í PIP-lið III. á vinstri hendi. Þá er einnig skert hreyfigeta í DIP-lið II.“

Atli Þór Ólason, sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum, mat örorku stefnanda vegna slyssins, og er matsgerðin dags. 17. mars 1992. Læknisvottorð Ríkarðs Sigfússonar er tekið upp í matsgerðinni. Við skoðun hjá Atla Þór kvartaði stefnandi undan kuldaóþoli, ofurviðkvæmni og klaufsku í fingurrestum vísifingurs, löngutangar og baugfingurs vinstri handar. Hann hafði minnkaða tilfinningu í fingurgómum og upp eftir fingrum þessara fingra, og hindri það hann í að nota höndina sem skyldi, sérstaklega við fínvinnu. Stefnandi þurfi ætíð að horfa á þá hluti, sem hann er að vinna með. Hann er réttthentur. Hann kvaðst þreytast fljótt í höndunum, sérstaklega þegar hann væri að klippa tré. Þá sýnist honum gripkraftur vera minni í hendinni en áður var. Haldi hann á þungri byrði eða tösku, þurfi handfangið að sitja djúpt í lófa, til að hann hafi ekki óbærileg óþægindi, sem komi fram, þegar hann notar finger við átökin. Skoðun læknis leiddi í ljós, að þumalfingur vinstri handar var eðlilegur. Vinstri vísifingur var stytur; þar vantaði u. þ. b. helming af endakjúku. Nögl sat á réttum stað í naglbedi, en beygði síðan fram yfir hinn stytta fingurgóm. Beygigeta í endalið vísifingurs er 90° vinstra megin og 120° hægra megin. Full réttning náðist í liðinn. Hreyfingar annarra liða fingursins voru eðlilegar. Vinstri baugfingur var stytur þannig, að endakjúku vantaði. Hreyfingar í liðum fingursins voru eðlilegar. Húðskyn var skert, aukið eða brenglað í fingurgómum og upp eftir fingurstúfum vísifingurs, löngutangar og baugfingurs. Að öðru leyti var húðskyn eðlilegt á vinstri hendi. Öll ör voru lítið áberandi og öllu ekki óþægindum. Skoðun var a. ö. l. eðlileg. Sjúkdómsgreining Atla Þórs var þannig:

- „1. Stúfhögg á vinstri vísifingri, vantar hálfa endakjúku.
2. Stúfhögg á vinstri löngutöng, vantar endakjúku og hálfa miðkjúku.
3. Stúfhögg á vinstri baugfingri, vantar endakjúku.“

Í samantekt, álit og niðurstöðu matsgerðar APÓ segir síðan:

„10. 8. 1991 klemmdi Kristján Ingi Gunnarsson vísifingur, löngutöng og baugfingur vinstri handar milli vírs og steins, sem var verið að hífa og hjó framan af fingrunum. Varanlegar afleiðingar eru vöntun á hálfri endakjúku vinstri vísifingurs, endakjúku og hálfri miðkjúku vinstri löngutangar og

endakjúku vinstri baugfingurs. Hreyfingar í endalið vinstri vísifingurs og miðlið vinstri löngutangar eru eilítið skertar, þannig að nokkuð vantar á fulla beygigetu, en réttigeta er eðlileg báðum megin. Tilfinning í fingurgómum er óeðlileg, ýmist of mikil, lítil eða brengluð. Varanleg örorka vegna þessara vefjaskemmda vinstri handar er metin 15%. Við slysið 10. 8. 1991 varð Kristján Ingi Gunnarsson fyrir eftirfarandi starfsorkuskerðingu:

Tímabundin örorka:

Frá slysdegi í þrjá mánuði 100%

Eftir það:

Varanleg örorka 15%.“

Bifreið stefnda Magnúsar Emilssonar, Y-181, var tryggt lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. Lögmaður stefnda sendi Vátryggingafélagi Íslands hf. bréf, dags. 26. mars 1992, og tilkynnir þar, að örorka stefnanda hefði verið metin varanleg 15% og að verið væri að reikna út örorkutjón stefnanda.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur reiknaði út örorkutjón stefnanda vegna slyssins 8. apríl 1992. Sama dag barst lögmanni stefnanda bréf frá Vátryggingafélagi Íslands, þar sem bótaskyldu kranastjórnandans, stefnda Magnúsar, er hafnað, þar sem um hreint óhappatilvik hafi verið að ræða, sem væri ekki til þess fallið að leggja bótaábyrgð á stjórnanda kranans. Ekki sé upplýst í gögnum málsins, að hann hafi á neinn hátt sýnt af sér vanrækslu eða mistök.

Stefnandi sundurliðar dómkröfu sína svo:

1.	Varanleg örorka	8.775.100	krónur
	30% frádráttur vegna eingreiðslu- hagræðis og skattfrelsis	<u>-2.842.890(?)</u>	krónur
	Samtals	6.633.410(?)	krónur
2.	Töpuð lífeyrisréttindi	526.500	krónur
	Samtals	7.159.910	krónur
3.	Miskabætur	450.000	krónur
	Samtals	7.609.910	krónur
4.	Álag 50%	<u>3.804.955</u>	krónur
	Samtals	<u>10.713.665</u>	krónur

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi vísar til þess, að hann hafi orðið fyrir verulegum meiðslum af völdum slyss, er hann lenti í 10. ágúst 1991, og að stefndu beri ábyrgð á því tjóni, sbr. XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987.

Lestun og losun vörubifreiða með áföstum bílkrana skuli talin notkun

ökutækis í skilningi l. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Því skuli tjón, sem hlýst af þeirri notkun, vera bótaskyld og skaðabætur greiddar úr ábyrgðartryggingu ökutækisins Y-181 hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. Lestun og losun sé eðlilegur þáttur í notkun vörubifreiða og verði ekki unnið nema með nauðsynlegum hjálpartækjum, ýmist áföstum eða utanaðkomandi. Almennt notagildi vörubifreiða þyki verulega skert, hafi bifreiðin ekki áfastan krana til lestunar og losunar, þegar annarra hjálpartækja njóti ekki við, og við aðstæður, þar sem öðrum tækjum verði ekki við komið. Slys það, sem málið er af risið, hafi orðið vegna notkunar á ökutæki með slíkum krana. Vörubifreið stefnda, Y-181, sé skráð og vátryggð sem vörubifreið. Vátryggingin nái til alls þess tjóns, sem hlotist geti af notkun ökutækisins sem vörubifreiðar, en henni sé eðli málsins samkvæmt í mörgum tilvikum öðruvísi hátt að en notkun fólksbifreiða. Vörubifreið sé atvinnuökutæki, og skilji almennt viðurkennd notkun þess það frá öðrum ökutækjum.

Við losun bifreiðarinnar Y-181, þegar slysið varð, hafi stefndi Magnús ekki sýnt af sér nægjanlega aðgæslu, þegar hann notaði vírstroffu utan um stein þann, sem verið var að hífa, með þeim afleiðingum, að vírin skar framan af þremur fingrum stefnanda. Aðrir steinar, sem koma hafi átt fyrir á lóðamörkunum, hafi verið hífðir með bandstroffum, sem eigi það síður til að skreppa til á grjótinu, þegar átak komi á stroffuna við hífingu. Því hafi stefndi vitað eða mátt vita um þá hættu, sem hljótast kynni af notkun vírstroffu við þá vinnu, sem unnin var. Einnig telur stefnandi, að stöðu vörubifreiðarinnar Y-181 nálægt moldarbarði og skorðun hennar hafi verið ábótavant, þar sem jarðvegur á slysstað hafi verið blautur og lítið mátt út af bera, til að slinkur kæmi á kranann, þegar þungir grjóthnullungar væru losaðir og settir niður í nokkurra metra fjarlægð frá bílnum. Stefndi hafi vitað eða mátt vita, að óvarlegt væri að losa bifreiðina með þeim hætti, sem gert var, án þess að undirlag væri tryggt, a. m. k. að fætur, sem settir eru niður til stuðnings bifreiðinni, hvíldu á einhverjum föstum fleti, sem ekki gæfi eftir eða sykki í jarðveginn undan þunga bifreiðarinnar.

Stefnandi telur varanlega 15% örorku sína sannaða með læknisvottorðum og örorkumati. Líkamstjón sé til þess fallið að valda rýrnun starfsorku. Rýrnunin sé að sjálfsögðu persónubundin og því mismikil. Þá geti skerðingin komið öll fram strax, en líklegra sé, að hluti hennar komi ekki fram fyrr en síðar á lífsleiðinni. Í tilvikum stefnanda sé ljóst, að mikil skerðing starfsorku sé þegar komin fram. Ekki sé hins vegar ólíklegt, að frekari skerðing eigi eftir að koma fram, og þess vegna möguleiki á því, að stefnandi verði að hverfa úr því starfi, er hann gegnir nú og kunnáttu hans nýtur best. Eðlilegt sé, að tekið verði tillit til þessa við ákvörðun bóta.

Miskabótakröfu, að fjárhæð 450.000 krónur, telur stefnandi stillt í hóf. Þeirri fjárhæð sé ætlað að bæta öll óþægindi stefnanda af völdum áverkanna, allar þjáningar auk röskunar á stöðu og högum. Ekki þurfi að fjöl-yrða um óþægindi og þjáningar stefnanda. Varanleg örorka taki eingöngu til skerðingar til starfa, en ekki á áhrifum áverkanna á tómstundir stefnanda og ótalmargt annað.

Krafist er almennra sparisjóðsvaxta Landsbanka Íslands frá slysdegi 10. ágúst 1991 til þingfestingardags, sbr. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Gerð er krafa um dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 15. gr. vaxtalaga.

Kröfur sínar reisir stefnandi á umferðarlögum nr. 50/1987, einkum XIII. kafla. Sérstaklega er vísað til 90. gr., sbr. 88. gr. Einnig er vísað til almennra skaðabótareglna, sbr. 3. mgr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga. Um miska-bætur er vísað til 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Um vexti, dráttarvexti og vaxtavexti er vísað til vaxtalaga nr. 25/1987, einkum 7. og 15. gr. Stefnandi styður kröfur um málskostnað við lög nr. 91/1991, einkum 1. mgr. 130. gr. Krafa um virðisaukaskatt á málskostnað er reist á lögum nr. 50/1988, sbr. og reglugerð nr. 562/1989. Stefnandi sé ekki virðisaukaskatts-skyldur, og sé honum því nauðsyn að fá dóm fyrir þessum skatti úr hendi stefnda.

Stefnuþjárhæðin er studd niðurstöðu Atla Þórs Ólasonar læknis frá 7. mars 1992 um 15% varanlega örorku stefnanda og örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings frá 27. desember 1996, sem styðjist við vinnutekjur stefnanda árin 1988–1990.

Það 50% álag, sem gerð er krafa um, sé til komið vegna þess, að gera megí ráð fyrir, að máli þessu verði skotið til Hæstaréttar. Í dómi Hæsta-réttar frá 1977, bls. 516, komi fram, að ekki sé unnt að hækka kröfur frá því fyrir héraðsdómi á grundvelli nýs útreiknings tryggingastærðfræðings. Með þessi réttarfarssjónarmið í huga er gerð krafa um tilgreint 50% álag, þar sem gera megí ráð fyrir, að vegna launahækkana í landinu verði sannanlegt tjón stefnanda orðið meira, þegar málið komi fyrir Hæstarétt.

Málsástæður og rökstuðningur stefndu.

Stefndu telja, að lestun og losun vörubifreiða með áföstum bílkraa sé ekki notkun í skilningi 88. gr. umferðarlaga, en á það reyni ekki hér, þar sem stefnandi hafi ekki slasast við losun steinsins, heldur tilfærslu hans eftir losun.

Sýknukrafa stefndu er reist á því, að slys stefnanda hafi ekki hlotist af notkun vörubifreiðarinnar Y-181 í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og falli slysið utan gildissviðs ákvæðisins sem og utan gildissviðs 91.

gr. umferðarlaga. Beri stefndu því ekki hlutlæga fébótaábyrgð á slysinu samkvæmt 88. gr., sbr. 90. gr. umferðarlaga.

Affermingu steinsins, sem stefnandi slasaðist við, af palli vörubifreiðarinnar hafi verið lokið, áður en slysið varð, og hafi slysið því ekki hlotist af losun eða affermingu steinsins af vörubifreiðinni, heldur af því, að híft var í steininn frá jörð með krananum til að koma steininum betur fyrir í grjót-hleðslunni við lóðamörkin, eftir að búið var að losa hann af bifreiðinni.

Þá hafi vörubifreiðin verið kyrrstæð og fastskorðuð með stoðfótum, þegar slysið varð, og því óhreyfanleg undirstaða undir kranann, sem notaður hafi verið sem hver önnur sjálfstæð vinnuvél til að færa steininn í steinaröðinni, óháð venjulegri notkun bifreiðarinnar sem ökutækis og sem vörubifreiðar. Falli slys stefnanda því utan gildissviðs 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga og ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar samkvæmt 1. mgr. 91. gr. sömu laga.

Bótaábyrgð á grundvelli almennra skaðabótareglna komi ekki heldur til greina, sbr. 3. mgr. 90. gr. umferðarlaga, en ósannað sé, að stefndi Magnús hafi staðsett og skorðað vörubifreiðina illa og slysið megi rekja til þess eða saknæmt hafi verið að nota vírstroffu til að hífa hinn 2 tonna þunga stein. Sé alvanalegt að nota vírstroffur við hífingu á þungum hlutum, enda hafi vinnueftirlitið ekki gert neinar athugasemdir í því efni eftir slysið. Hefði slysið allt eins getað orðið, þó að bandstroffa hefði verið notuð. Bandstroffa hafi verið notuð á léttari steina, en til að hífa hinn 2ja tonna þunga stein hafi verið nauðsynlegt að nota vírstroffu. Verði bótaábyrgð stefnda Magnúsar því ekki heldur reist á grundvelli sakarreglunnar.

Hins vegar megi rekja slysið til þess stórkostlega gáleysis stefnanda að hafa hönd á steininum, meðan stefnandi lét hífa í hann, og hafi þá strekkst á stroffunni. Megi beinlínis rekja slysið til þeirrar stórfelldu óaðgæslu stefnanda. Eigi hann því að bera allt tjón sitt sjálfur, hvað sem öðru líður, sbr. 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga og almenna reglu skaðabótaréttarins um eigin sök tjónþola.

Stefnandi sé lærður garðyrkjustjóri og hafi sjálfur stjórnað verkinu, sem hann slasaðist við. Stefnandi sé vanur störfum af þessu tagi og hafi í ljósi aldurs, menntunar og starfsreynslu mátt vera fullljóst, að stórhættulegt væri að hafa hendur á steininum við vírstroffuna, þegar híft var í steininn, sem gert hafi verið að fyrirmælum hans. Eigi stefnandi því ekki við aðra að sakast en sjálfan sig.

Varakrafa stefndu er á því reist, að stefnandi eigi að bera mestan hluta tjóns síns sjálfur vegna hins stórfellda gáleysis síns, en auk þess beri að lækka stefnukröfur verulega.

Þá beri að stórlækka kröfu um bætur fyrir varanlega örorku, en ekki

verði séð, að stefnandi hafi til þessa eða muni síðar tapa neinum tekjum af völdum slyssins. Stefnandi sé í öruggu opinberu starfi, þar sem fingurmeiðsl hans komi ekki að sök við tekjuöflun. Beri að taka fullt tillit til þess við bótaákvörðun auk hagræðis af skattfrelsi og eingreiðslu bóta, sbr. t. d. H. 1990, 128, og H. 1994, 1497. Ætti að lækka tjónsútreikning um helming af þeim ástæðum.

Kröfu um miskabætur, 450.000 krónum, er mótmælt sem allt of hárrí og í ósamræmi við dómvenju. Séu 150–200.000 krónur nær lagi. Beri að gæta þess, að miski sé innifalinn í læknisfræðilegu örorkumati, og bætur beri að miða við verðlag á slysdegi, enda vaxta krafist frá þeim tíma.

Kröfulið um 50% álag er mótmælt sem slysinu óviðkomandi, enda ekki afleiðing slyssins, og eigi þessi liður ekki heldur við nein rök að styðjast.

Vaxtakröfum er sérstaklega andmælt, en eldri vextir en fjögurra ára frá birtingardegi stefnu séu fyrndir, og upphafstíma dráttarvaxta er mótmælt frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi stefnandi, stefndi Magnús Emilsson, Hörður Ingi Torfason og Steingrímur Steingrímsson.

Þeir stefnandi og stefndi Magnús Emilsson gáfu skýrslur fyrir rannsóknarlögreglu í Hafnarfirði í október 1991.

Niðurstaða.

Fram er komið, að það voru nokkrir húseigendur við Stuðlaberg og Ljósaberg í Hafnarfirði, sem unnu í ágúst 1991 við að gera vegghleðslu á lóðamörkum húsa sinna, þar á meðal stefnandi, sem er lærður garðyrkju-meistari og var á þessum tíma garðyrkjustjóri Hafnarfjarðar. Það er stefnandi ekki lengur, en vinnur enn við garðyrkjustörf, aðallega grjóthleðslu.

Verkið unnu þeir húseigendurnir saman. Enginn sérstakur verkstjóri var að verkinu, en stefnandi var sá, sem hafði reynslu og kunnáttu til slíkra verka. Hinir einu, sem ráðnir voru til starfa vegna þessarar framkvæmdar, voru tveir vörubifreiðastjórar, annar þeirra stefndi Magnús Emilsson. Þeir stefnandi, sem er vanur grjóthleðslu, og stefndi Magnús hafa oft unnið saman að svipuðum verkefnum.

Þeir húseigendur fóru á tveimur vörubifreiðum suður fyrir Hafnarfjörð og sóttu steina. Að sögn stefnanda var reynt að hafa steinana sem svipaðasta að stærð, og voru þeir um tvö tonn á þyngd hver að álitni stefnanda. Um steinana voru látnar bandstroffur nema á þann stein, sem stefnandi slasaðist við, um hann var látin vírstroffa. Taldi stefnandi, að það hefði verið gert, þar sem bandstroffur hefðu verið búnar. Steinarnir voru svo fluttir á bílun-

um með stroffurnar á. Þegar komið var á leiðarenda, var steinunum í stroffunum lyft af vörubílsþallinum með krana bifreiðarinnar. Stefndi Magnús, eigandi og stjórnandi bifreiðarinnar Y-181, stjórnaði krananum.

Stefndi Magnús sagði, að þarna hefðu verið viðhöfð venjuleg vinnubrögð og ekkert sé óvenjulegt við að nota vírstroffu. Bifreiðin hafi verið skorðuð af með stoðfótum. Tíðkanlegt sé að stýra steinum með höndunum. Ekki hafi verið búið að húkka af steininum, þegar slysið varð.

Þegar tveimur fyrstu steinunum hafði verið komið fyrir á ætluðum stað, var þriðja steininum lyft af bifreiðinni og hann látinn niður, en ekki alveg á réttan stað. Þess vegna þurfti að taka aðeins í steininn aftur til þess að koma honum í réttar skorður. Þurfti að lyfta honum og færa um 10 cm. Um leið og steininum var lyft, strekktist á vírnum, og þá mun vírin hafa skroppið til inn á finger stefnanda. Verður að telja, að slysið hafi orðið, meðan á affermingu bifreiðarinnar stóð. Krani bifreiðar stefnda Magnúsar var þarna notaður til þess að afferma bifreiðina. Lestun og losun vörubifreiða er eðlilegur þáttur í notkun þeirra, og skiptir ekki máli í því sambandi, hvort til þess er notaður krani hlutaðeigandi bifreiðar eða farmi er sturtað af vörubílsþalli. Eins og aðstæðum var háttað, verður að telja, að bifreiðin hafi verið í venjulegri og eðlilegri notkun sem vörubifreið, þegar slysið bar að höndum. Af því leiðir, að stefndi Magnús ber fóbótaábyrgð á tjóni stefnanda samkvæmt 1. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. er þá greiðsluskilyður samkvæmt 1. mgr. 91. gr. laganna sem vátryggjandi bifreiðarinnar.

Þegar litið er til framburðar stefnda Magnúsar um, að tíðkanlegt sé að stýra steinum með höndunum við slíka framkvæmd, verður ekki á það fallist með stefndu, að stefnandi hafi gerst sekur um stórkostlegt gáleysi við framkvæmd verksins og eigi þess vegna að bera hluta af tjóni sínu sjálfur.

Verður þá tekin afstaða til tjóns stefnanda.

Afleiðingum slyssins hefur verið lýst hér að framan, en stefnandi styður kröfur sínar við tjónsútreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings frá 27. desember 1996, sem styðst við vinnutekjur stefnanda árin 1988–1990, miðað við 15% varanlega örorku stefnanda. Í samræmi við dómvenju verður útreikningur þessi hafður til hliðsjónar við mat á örorkubótum til handa stefnanda.

Samkvæmt útreikningi þessum nemur tjón stefnanda vegna varanlegrar örorku 8.775.100 krónum. Þegar þau sjónarmið eru höfð í huga, sem samkvæmt venju ber að hafa í huga við ákvörðun bóta sem þessara, þykja bætur til stefnanda vegna varanlegrar örorku hæfilega ákveðnar 5.500.000 krónur. Krafa stefnanda vegna tapaðra lífeyrisréttinda, 526.500 krónur, er tekin til greina. Miskabætur til handa stefnanda ákveðast 300.000 krónur.

Með vísan til 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda ber að fallast á það með stefndu, að vextir eldri en fjögurra ára frá birtingu stefnu séu niður fallnir fyrir fyrningu. Stefna hefur verið árituð ódagsett um birtingu, og ber því að miða við þingfestingu málsins, sem var 16. janúar 1997.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu eru dæmdir til þess að greiða stefnanda 6.326.500 krónur með almennum innlánsvöxtum frá 16. janúar 1993 til uppkvaðningar dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 650.000 krónur, og hefur þá verið litið til úlagðs kostnaðar og virðisaukaskattsskyldu lögmannsþóknunar.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Magnús Emilsson og Vátryggingafélag Íslands hf., greiði stefnanda, Kristjáni Inga Gunnarssyni, 6.326.500 krónur með almennum innlánsvöxtum frá 16. janúar 1993 til uppkvaðningar dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 650.000 krónur í málskostnað.
